

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arctic Smolt Botni, Tálknafirði



Dags eftirlits	16.8.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Arctic Smolt	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Aðalstræti 20	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700807-0450	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Steinunn G. Einarsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurvin Hreiðarsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sex ný frávik voru skráð í eftirlitinu.

Frávikin snúa að skráningu á losun næringarefna, tæmingu settjarnar/settanka, áreksturs- og mengunarvörnum olfugeyma, geymslu efna, skilum á niðurstöðum mælinga sem og uppfærslu vöktunaráætlunar.

Ein ábending er sett fram er snýr að loftun sýruskápa.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Boðað umfang vettvangsheimsóknarinnar var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
 - o Úrbætur v. eldri frávik
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
 - o Kynning á áhættumati 2020 og breytingu á flokkum 2021
- Umfang
- Frárennsli, hreinsun og mælingar
- Úrgangur, spilliefni og lyf
 - o Dauðfiskur
 - o Annar úrgangur
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna.
- Umgengni á lóðum og aðkoma.
- Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um meðhöndlun fastefnis frá landeissstöðvum.

Enn er opið frávik sem skráð var í eftirliti árið 2019 og snéri að útlagningu frárennslislagna. Í úrbótaáætlun rekstraraðila sem samþykkt var þann 1. nóvember 2019 áætlaði rekstraraðili að úrbótum yrði lokið eigi síðar en í september 2021. Sú tímaáætlun hefur ekki staðist, m.a. v/ heimsfaraldurs. Önnur ástæða þess að framkvæmdin hefur dregist eru áform rekstraraðila að bæta við annarri eldisbyggingu og áætlað var að samþætta framkvæmdirnar. Áætlað er að bygging hússins hefjist nú í haust. Rekstraraðili áætlaði því að senda inn uppfærða tímaáætlun v. fráviksins, en hún hefur enn ekki borist eftirlitsaðila.

Í eftirliti ársins 2020 voru gerðar tvær ábendingar er snéru að vöktun sjávarbotns í samræmi við gr. 5.1 í starfsleyfi sem og að einingar og dagsetningar sýnatöku væru ekki tilgreindar í niðurstöðum frárennslismælinga sem skilað var til stofnunarinnar en þær voru framkvæmdar af rannsóknarstofu rekstraraðila sjálfs. Ekki hefur verið brugðist við þessum ábendingum, vöktunaráætlun hefur ekki verið uppfærð og niðurstöður mælinga sem kynntar voru í eftirliti voru án mælieininga þó að dagsetningar væru til staðar. Tvö frávik eru því skráð, annað frá ákvæði 5.1 um vöktun og hitt frá gr. 4.4 um skýrslur til eftirlitsaðila þar sem ársyfirlit skal innihalda niðurstöður mælinga og skráninga, þar sem stofnunin lítur svo á að án mælieininga með gögnum sé ekki sé um fulla framsetningu niðurstaða að ræða.

Farið var yfir áhættumat stöðvarinnar 2020 m.t.t. tíðni eftirlita og kynntar breytingar á flokkum áhættumatsins. Farið var yfir umhverfisstjórnunarkerfi og áhrif þess að starfa eftir (vottuðu) umhverfisstjórnunarkerfi á stigafjölda rekstraraðila í áhættumati.

Starfsleyfið tekur til framleiðslu allt að 1000 tonna af laxaseiðum á ári og var framleiðsla ársins 2020 einungis rúmlega helmingur af því. Þegar vettvangsheimsóknin fór fram voru um 155 tonn í stöðinni.

Til viðbótar við frávik vegna skila á niðurstöðum sem fjallað er um hér að ofnan er skráð frávik v. ófullnægjandi ársyfirlits sbr. 4.4 og efnalosun sbr. 3.4 þar sem losun fosfórs var ekki sett fram í kg/framleitt tonn, ásamt því að

skráningar á losun næringarefna er ábótavant þar sem útreiknuð gildi losunar fosfórs og köfnunarefnis sem sett eru fram í grænu bókhaldi standast ekki.

Eldisvatn stöðvarinnar er mikið endurnýtt með endurnýtingakerfi stöðvarinnar. Allt frárennsli fer í gegnum tromlusíur sem síar fastefni frá. Yfirfall fer út í fjöru eða í settjörn. Yfirfall af tönkum sem taka við fastefninu (sludgetankar) fer einnig í settjörn. Frárennsli settjarnar er í fjöruna. Mikið var í sludgetönkum og var rekstraraðila bent á að huga þyrfti að tæmingu þeirra hið fyrsta þar sem merki sáust á steinum við útrás yfirfallsins um að ekki væri einungis um yfirfallsvatn að ræða. Einnig var rekstraraðila bent á að hreinsa ummerki af grjóti. Skv. starfsleyfi átti fyrsta hreinsun settjarnar/settanks að fara fram fyrir 15. maí 2020 og að minnsta kosti á 3 ára fresti eftir það. Skv. upplýsingum frá fulltrúa rekstraraðila hafa tankarnir og/eða tjarnirnar ekki verið tæmdar síðan starfsleyfið tók gildi í byrjun árs 2019. Frávik frá ákvæðum starfsleyfis er því skráð þess efnis.

Dauðfiskur er sóttur tvisvar í viku og fer í loðdýrafóður. Sé um að ræða eldri úrgang en 3-4 daga gamlan er bætt við sýru til að forða því að efnið skemmist og ekki sé hægt að nota það.

Rekstraraðili flokkar plast og pappa frá almennum úrgangi og móttökuaðili sér að flokka grófan úrgang/almennan úrgang o.s.frv.

Skápar eru í báðum eldishúsum til að geyma sýru í. Hillur með lekavarnir eru til staðar og því mikilvægt að brýna fyrir starfsfólki að geyma sýruna í þeim en ekki þeirri neðstu sem er án allra varna. Rekstraraðila var einnig bent á að skoða loftun frá skápunum, þar sem þeir eru opnir inn í vinnurými. Formalíntunnur eru geymdar í aðskildu rými en í því er niðurfali og tunurnar ekki í lekabyttum, því er skráð frávik þess efnis.

Á lóð rekstraraðila voru brúsar með vélaolíu/úrgangsolíu á malarplani og voru þeir ekki geymdir á viðeigandi hátt.

Líkt og fjallað er um hér að ofan voru brúsar með olíu geymdir á óviðunandi hátt á lóð rekstraraðila, en einnig voru olíugeymar ekki skv. reglugerð. Tveir olíugeymar eru á staðnum, stór neyslugeymir og minni lausageymir. Rekstraraðil hefur tengt keðjur í hinn minni og flytur hann á milli staða innan starfstöðvar með lyftara. Eftirlitsaðili gerir þá kröfu að tekið verði til skoðunar hvort heppilegri lausnir séu til staðar en að flytja geyminn reglulega til á þennan hátt, annað hvort færa hann til með öruggari hætti, eða setja upp annan lausageymi til að forast óþarfa flutninga geyma. Við hvorugan geyminn voru árekstrarvarnir eða lekavarnir til staðar. Stofnunin bendir á að fjallað var um í eftirliti 2020 að olíugeymar skyldu uppfylla kröfur reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Leiðbeiningar stofnunarinnar um meðhöndlun fastefnis frá landeldisstöðvum voru einnig kynntar og möguleikar á notkun fastefnis sem safnast sem áburður.

Frávik frá	Lýsing á frávikum
gr. 3.4 og 4.4 í starfsleyfi	Skráningum á losun næringarefna er ábótavant og því ekki ljóst hvort rekstraraðili starfar innan marka starfsleyfis sem snýr að losun fosfórs, en hámark leyfis er 9 kg P/ framleitt tonn.
gr. 3.5 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal tryggja virkni hreinsibúnaðar. Settjörn skal hreinsuð á a.m.k. 3. ára fresti og átti fyrsta hreinsun að fara fram fyrir 15. maí 2020. Settankar sem taka við fastefni eftir tromlusíun eru fullir og eru ummerki við yfirfall um að ekki sé um fullavirkni búnaðar að ræða. Settankur/settjörn hefur ekki verið tæmt frá því að starfsleyfi tók gildi 2019.
gr. 3.11 í starfsleyfi og gr. 41 og 43. í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi	Við neyslu- og lausageyma skulu tryggðar öruggar mengunar-, árekstrar-, eld- og slysavarnir. Sé nauðsynlegt að færa lausageymi til innan athafnasvæðis skal það gert með öruggum hætti.
gr. 3.11 og 3.12 í starfsleyfi og 12. gr. efnalaga nr. 61/2013	Rekstraraðili skal við geymslu efna sýna fyrirbyggju og varkárni til að fyrirbyggja skaða á heilsu og umhverfi og takmarka mengunarhættu eins og kostur er. Ganga skal þannig frá eitrefnum og hættulegum efnum að ekki sé hættu á því að þau berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Formalín tunnur eru í geymdar í rými með niðurfalli án fullnægjandi lekavarna.(Smur)olíubrúsar voru á lóð.

gr. 4.4 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal fyrir 1. maí ár hvert skila ársyfirliti sem tekur til skráninga og niðurstaða mælinga vegna undangengins árs. Niðurstöður mælinga sem skilað var eru ekki með mælieiningar og því er ekki litið á skilin sem fullnægjandi skil niðurstaða.

gr. 5.1 í starfsleyfi

Vöktunaráætlun skal taka til vöktunar á dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar. Vöktun skal einnig innihalda mat á umhverfisástandi sjávarbotns. Í vöktunaráætlun rekstraraðila er ekki fjallað um ofangreint.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að huga að loftun úr sýruskápum.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 01.10.2021


Hulda Soffía Jónasdóttir

